

Alþingi

Erindi nr. Þ

121/1242

komudagur

1/14 1997

LÆKNARÁÐ

SJÚKRAHÚSS REYKJAVÍKUR OG LANDSPÍTALA

Reykjavík, 19.03.97
TM/st

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um réttindi sjúklinga

Stjórnnum læknaáða Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítala hafa borist frumvarp til laga um réttindi sjúklinga og gera stjórnirnar eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Í II. kafla 5. grein er fjallað um rétt sjúklings til upplýsinga um heilsufar og meðferð. Um er að ræða ýmsar upplýsingar sem almennt koma fram í viðtali sjúklings við lækni og annað heilbrigðisstarfsfólk. Að skrá slíka upplýsingagjöf sérstaklega í sjúkraskrá er óþarft, aldrei verður hægt að tíunda allt það sem sjúklingur hefur verið upplýstur um og því skráningin sjaldnast tæmandi. Mælt er með að setningin “Þess skal getið í sjúkraskrá sjúklings að upplýsingar samkvæmt þessari grein hafi verið gefnar” verði því strikuð út úr frumvarpinu.

Í II. kafla 6. grein og í IV. kafla 14. grein og 16. grein er fjallað um að sjúklingur geti tilnefnt annan einstakling, umboðsmann, til að taka við upplýsingum í sinn stað eða gera athugasemdir fyrir sína hönd. Læknaáðin telja að skilgreina þurfi hver umboðsmaður sjúklings geti verið. Getur t.d. atvinnurekandi sjúklings verið umboðsmaður hans og geta forsvarsmenn sjúklingafélaga gerst umboðsmenn sjúklinga og þar með fengið aðgang að öllum sjúkragögnum þeirra?

Í II. kafla 8. grein er sagt að heilbrigðisstarfsmaður skuli upplýsa sjúkling um hugsanlegar afleiðingar þess að sjúklingur hafni meðferð. Minna þarf á að lækna eru í yfirgnæfandi hluta tilvika ábyrgir fyrir meðhöndlun sjúklinga. Í þeim tilvikum þegar afleiðingar þess að hafna meðferð geta orðið alvarlegar fyrir sjúklinginn og jafnvel lífshættulegar er nauðsynlegt að lækni sjúklings komi að því máli. Eðlilegt er því að þessi sérstaða sé áréttuð og fyrsta málsgrein hljóði svo; Nú hafnar sjúklingur meðferð og skal þá lækni hans eða sá heilbrigðisstarfsmaður sem meðferðinni stjórnar upplýsa sjúkling um hugsanlegar afleiðingar þeirrar ákvörðunar.


Í III. kafla 13. grein er fjallað um undanþágur frá þagnarskyldu og sagt að þagnarskylda samkvæmt 12. grein nái ekki til atvika sem starfsmanni í heilbrigðisþjónustu beri að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum, t.d. ákvæðum barnaverndarlaga. Stjórnir lækna ráðanna telja rétt að betur verði skilgreint hvaða lagagreinar veiti undanþágu frá þagnarskyldu. Ætti því að telja nákvæmlega upp þau lög og lagagreinar sem létta þagnarskyldu af heilbrigðisstarfsmönnum.


Í V. kafla 21. grein er fjallað um skyldur sjúklings. Læknaráðin efast um ágæti þess að inntak 2. mgr. sé fest í lög, einkum þar sem í lögnum er lögð áhersla á rétt sjúklings til að hafna meðferð að öðru leyti. Leggja læknaráðin til að 2. mgr. verði felld brott.

Í V. kafla 22. grein er fjallað um reglur um innlögn og útskrift. Þar er sagt að gera skuli sjúklingi grein fyrir hvaða heilbrigðisstarfsmaður beri meginábyrgð á meðferð hans á heilbrigðisstofnun. Læknaráðin telja að á heilbrigðisstofnunum skuli læknir bera meginábyrgð á meðferð sjúklinga og að það þurfi að koma fram í þessari grein.

Í VI. kafla 26. grein er fjallað um neitun foreldra eða forráðamanns að samþykkja nauðsynlega meðferð á sjúklingi innan 16 ára. Hafni foreldri eða forráðamaður nauðsynlegri meðferð er sagt að heilbrigðisstarfsmaður skuli snúa sér til barnaverndaryfirvalda samkvæmt ákvæði barnaverndarlaga. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að læknir sjúklings komi að málinu og taka þarf fram í þessari grein að svo skuli vera. Lagt er til að setningin verði svohljóðandi; Nú neitar foreldri eða forráðamaður að samþykkja nauðsynlega meðferð, sbr. 1. mgr. og skal þá læknir sjúklings eða sá heilbrigðisstarfsmaður sem ábyrgð ber á meðferðinni snúa sér til barnaverndaryfirvalda, sbr. ákvæði barnaverndarlaga.

Virðingarfyllt,


Torfi Magnússon, formaður
læknaráðs Sjúkrahúss Reykjavíkur


Tryggvi Ásmundsson, formaður
læknaráðs Landspítala